

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda. Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast gildi 8. nóvember 1958.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 55 14. febrúar 1968 um viðauka við reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. október 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarráðs hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968:

1. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar í **Skipholti** að sunnan- og vestanverðu frá Háteigsvegi að Nóatúni.
2. Stöðvunarskylda verður á **Háaleitisbraut** við **Kringlumýrarbraut** að vestanverðu.
3. Einstefnuakstri í **Mjóuhlíð** hefur verið snúið við þannig, að einstefna verður til austurs frá **Eskihlíð** að **Engihlíð**.
4. Bifreiðastöðubann hefur verið afnumið í **Þverholti** að austanverðu á milli **Laugavegar** og **Stórhólts**.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 6. nóvember 1968.

Sigurjón Sigurðsson.